

*Fylgiskjal með  
þinggerð 59. Frjálsíþróttáþings,  
haldið á Akureyri, 6. og 7. September 2014*

***Samantekt***

Í þessu skjali eru þær tillögur sem voru lagðar fram og fengu afgreiðslu á 59. Frjálsíþróttáþingi 2014, að frátöldum þingskjölum: 39 reglugerðarbreytingu um skráningagjöld á mót, Fjárhagsáætlun og viðaukatillaga við hana.

Niðurstöður voru helstar þessar:

- Tillögu á þingskjali 12 var vísað til stjórnar og laganefndar
- Tillögu á þingskjali 36 var vísað til stjórnar
- Tillögum á þingskjölum 13, 29, 30, 31, 32, var vísað til milliþinganeftdar
- Tillaga á þingskjali 33 var að hluta til samþykkt en nýjum liðum 1 og 4 vísað til milliþinganeftdar. Liður 6 var felldur.
- Aðrar tillögur eru birtar hér í þeirri mynd sem þær voru afgreiddar á þingi.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. september 2014.

Þingskjal. nr. 2

Flutningsaðili: Mótanefnd FRÍ

Vísað til: \_\_\_\_\_

Mótaskrá 2015

**Janúar**

4.	HSK mót 11-22 ára (aldursfl_ungl.)	Laugardalshöll/Kaplakriki	Ísland	HSK
12.	Héraðsmót HSK fullorðnir dagur 1	Laugardalshöll/Kaplakriki	Ísland	HSK
10.-11.	MÍ í fjölþrautum	Laugardalshöll	Ísland	ÍR
10.-11.	MÍ Öldunga	Laugardalshöll	Ísland	ÍR
17.-18.	MÍ 15 - 22 ára Breiðablik	Laugardalshöll/Kaplakriki	Ísland	
19.	Héraðsmót HSK fullorðnir dagur 2	Laugardalshöll/Kaplakriki	Ísland	HSK
24.-25.	Reykjavík International - RIG FRÍ/félög	Laugardalshöll	Ísland	

**Febrúar**

31.1 - 1.2.	Stórmót ÍR	Laugardalshöll	Ísland	ÍR
7.	NM fullorðinna í frjálsum	Óstaðsett !!!		
07. -08.	MÍ 11-14 ára	Laugardalshöll	Ísland	Fjölnir
14. - 15.	MÍ aðalhluti	Kaplakriki	Ísland	FH
28.2 - 1.3.	Bikarkeppni FRÍ	Laugardalshöll	Ísland	FRÍ

**Mars**

7.	Hérðsleikar HSK 10 ára og yngri	Hveragerði/Blaðra	Ísland	HSK
6. - 8.	EM inni	Prag	Tékkland	

**Apríl**

23.	Víðavangshlaup ÍR: MÍ í 5km götuhaupi	Reykjavík	Ísland	ÍR
-----	---------------------------------------	-----------	--------	----

**Maí**

2.	Skólalæðing FRÍ úrslitakeppni	Laugardalshöll	Ísland	FRÍ
9.	Víðavangshlaup Íslands Ármann		Ísland	
16.	Vormót HSK 1. mótaraðamótið	Selfossvöllur	Ísland	HSK
21.	NM - 10.000m	Osló ?	Noregur	
23.	J.J. mót Ármanns 2. mótaraðamótið Ármann	Laugardalsvöllur	Ísland	
30. - 31.	MÍ í fjölþrautum	Kaplakriki	Ísland	FH

**Júní**

6.	Evrópubikar í 10.000 m hlaupi	Skopje	Makedonía	
9.	Vormót ÍR, 3. mótaraðamótið	Laugardalsvöllur	Ísland	ÍR
11.	Marþonhlaup FRÍ		Ísland	
13.	Aldursflokkamót HSK 11 - 14 ára	Þorlákshöfn	Ísland	HSK
13.	Héraðsleikar HSK 10 ára og yngri	Þorlákshöfn	Ísland	HSK
18. - 19.	Héraðsmót HSK fullorðna	Selfossvöllur	Ísland	HSK
20. - 21.	Evrópukeppni Landsliða (gamli EB)	Cheboksary	Rússland	
19. - 21.	Landsmót UMFÍ 50+			
19. - 21.	Stórmót Gogga Galvaska	Mosfellsbær	Ísland	UMFA
25.	FH mótið, 4 mótaraðamótið	Kaplakriki	Ísland	
27. - 29.	Gautaborgarleikar ??	Gautaborg	Svíþjóð	

Fylgiskjal með þinggerð 59. Frjálsíþróttabings, haldið á Akureyri, 6. og 7. September 2014  
Þingskjöl, lögð fram, breytt úr nefnd, sjá afgreiðslu í þinggerð

**Júlí**

2.	Akureyrarhlaup: MÍ í 1/2 maraþoni	Akureyri	Ísland	UFA
4. - 5.	MÍ 11-14 ára	Selfossvöllur	Ísland	HSK
4. - 5.	EB Landsliða í fjölþrautum 2. deild	Óstaðsett		
8.	Ármannshlaupið: MÍ í 10km götuhlaupi Ármann	Reykjavík.	Ísland	
9. - 12.	EM 22 ára og yngri	Tallin	Eistland	
14.	Breiðabliksmótið, 5. mótaraðamótið. Breiðablik	Kópavogsvöllur	Ísland	
15. - 19.	HM unglunga 17 ára og yngri.	Cali	Col	
16. - 19.	EM unglunga 19 ára og yngri.	Eskiltuna	Svíþjóð	
18. - 19.	MÍ Öldunga	Kaplakriki	Ísland	FH
21.	Unglingamót HSK 15 - 22 ára	Selfossvelli	Ísland	HSK
25. - 26.	MÍ Aðalhluti	Laugardalsvelli	Ísland	ÍR

**Ágúst**

31.7 - 4.8	Unglingalandsmót UMFÍ	Hamarsvöllur	Ísland	UFA
7. - 8.	MÍ 15-22 ára	Sauðárkróksvöllur	Ísland	UMSS
15. - 16.	Bikarkeppni FRÍ 1. deild	Laugardalsvöllur	Ísland	FRÍ
22. - 30.	HM fullorðinna	Beijing	Kína	
22.	Reykjavíkumaraþon - MÍ í maraþoni	Reykjavík	Ísland	
26. - 31.	Ólympíudagar æskunnar 17 ára og yngri	Tbilisi	Ceo !!!	
23.	Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri	Laugavelli	Ísland	HSP
29.-.30.8.	Akureyrarmótið 6. mótaraðamótið.	Hamarsvöllur	Ísland	UFA

**September**

5.	Brúarhlaup Selfoss	Selfossi	Ísland	
6.	Kastþraut Óla Guðmunds	Selfossvöllur	Ísland	HSK
9. eða 10.	MÍ í 5-og 10km hlaupi á braut	????	Ísland	
26.	Bronsleikar ÍR	Laugardalshöll	Ísland	ÍR

**Október**

**Nóvember**

21.	Silfurleikar ÍR	Laugardalshöll	Ísland	ÍR
-----	-----------------	----------------	--------	----

**Desember**

13.	EM í víðavangshlaupum	Parayle Menial	Frakkland	
31.	Gamlárshlaup ÍR	Reykjavík	Ísland	ÍR

**Skýringar á litakóða og öðrum atriðum**

**Rauðlitað:** Meistarmót og Bikarkeppnir FRÍ

**Bláulitað:** mót, sem eru ákveðin.

Mót á erlendri grundu sem eru ákveðin

**Mótaraðamót í Mótarað FRÍ**

**Landsmót UMFÍ**

Flutningsaðili: Mótanefnd FRÍ

Vísad til: \_\_\_\_\_

## Mótaúthlutunarkerfi FRÍ

Tafla 1 – Utanhúss

Mót // Félag	UFA	FH	HSK	ÍR	Breiðablik	Fjölínir	Árman	UMSS	UÍA	HSP	USVS
Mí 11-14 ára	2014	2013	2015	2016	2018				2017		
Mí fyrsti hluti & Öldunga		2015	2016	2018	2014	2017		2013			
Mí 15-22 ára		2016	2014	2017	2013	2013	2018	2015			
Bikarkeppni FRÍ	FRÍ	FRÍ	FRÍ	2013	FRÍ	FRÍ	FRÍ	FRÍ			
Bikarkeppni FRÍ 15 og Y.	2017	2018		2015	2013		2016			2014	
Mí aðalhluti	2013	2014	2017	2015	2016	2018	2018				
Unglingalandsmót	2015							2014			
Landsmót UMFÍ			2013								2013
Landsmót UMFÍ 50+											
Mót // Félag	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019				
Mí 11-14 ára	FH	UFA	HSK	ÍR	UÍA	Breiðablik	HSP				
Mí fyrsti hluti & Öldunga	UMSS	???	FH	HSK	Fjölínir	ÍR					
Mí 15-22 ára	Brblik/Fjölínir	HSK	UMSS	FH	ÍR	Árman	Breiðablik				
Bikarkeppni FRÍ	ÍR	FRÍ	FRÍ	FRÍ	FRÍ	FRÍ	FRÍ				
Bikarkeppni FRÍ 15 og Y.	Breiðablik	ÍR	HSP	Árman	UFA	FH					
Mí aðalhluti	UFA	FH	ÍR	Breiðablik	HSK	Árm./Fjölínir					
Unglingalandsmót	USÚ	UMSS	UFA								
Landsmót UMFÍ	HSK										
Landsmót UMFÍ 50+	USVS										
<b>Mót, ekki í úthl. kerfinu:</b>											
Mí í 5km götuhl. kk -kvk	ÍR				Innifalið í :	Víðavangshlaup ÍR					
Mí í 10km götuhl. kk - kvk	Árman				Innifalið í :	Ármanshlaupinu					
Mí í 1/2 maraþoni	UFA				Innifalið í :	Akureyrarhlaupinu					
Mí í maraþoni	Rvk. Maraþon				Innifalið í :	Rvk. Maraþon					
Mí í víðavangshlaupi	óúhlutað:				félög sækja um.						

## Mótaúthlutunarkerfi

Tafla 2 – Innanhúss

Mót // Félag	Breiðablik	ÍR	Fjölur	FH	Árman
Mí 11-14 ára	2013	2014	2015	2016	2017
Mí þraut & Öldunga	2014	2015	2016	2017	2013
Mí 15-22 ára	2015	2016	2017	2013	2014
Bikarkeppni FRÍ	FRÍ	FRÍ	2013	FRÍ	FRÍ
Mí aðalhluti	2017	2013	2014	2015	2016

Mót // Félag	2013	2014	2015	2016	2017
Mí 11-14 ára	Breiðablik	ÍR	Fjölur	FH	Árman
Mí þraut & Öldunga	Árman	Breiðablik	ÍR	Fjölur	FH
Mí 15-22 ára	FH	Árman	Breiðablik	ÍR	Fjölur
Bikarkeppni FRÍ	FRÍ	FRÍ	FRÍ	FRÍ	FRÍ
Mí aðalhluti	ÍR	Fjölur	FH	Árman	Breiðablik

Mót // Félag	2009	2010	2011	2012
Mí 11-14 ára	Fjölur	Breiðablik	FH	Árman
Mí þraut	ÍR	Fjölur	Breiðablik	FH
Mí 15-22 ára	Breiðablik	Fjölur	Árman	ÍR
Mí aðalhluti	FH	Árman	ÍR	Fjölur
Mí öldunga	Árman	ÍR	Fjölur	Breiðablik

59. Frjálsíþróttaping  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

*Þingskjal nr. 5.1*

*Flutningsaðili: Laganefnd FRÍ.*

*Vísað til: \_\_\_\_\_*

## TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á LÖGUM FRÍ

Laganefnd leggur til að tillagan verði samþykkt með áorðnum breytingum.

59. Frjálsíþróttaping, haldið á Akureyri 6. og 7. september 2014, samþykkir eftirtaldar breytingar á lögum FRÍ:

5. gr.

Valdsvið og fulltrúar.

Frjálsíþróttaping fer með æðsta vald í málefnum FRÍ.

Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum, sem mynda FRÍ.

Fulltrúafjöldi hvers sambandsaðila íþróttahéraðs fer eftir tölu virkra frjálsíþróttamanna frjálsíþróttaiðkenda, sbr. 3. mgr. 20. gr., þannig að fyrir allt að 50 iðkendur komi tveir fulltrúar og síðan einn fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 og þá einn fyrir hvert heilt hundrað þar fram yfir. **Íþróttabandalagið / héraðssambandið getur tekið sér einn fulltrúa af þeim fulltrúafjölda sem til héraðsins reiknast.**

Greinargerð:

Á Frjálsíþróttapingi 2012 voru gerðar nokkrar breytingar á 6. og 7. gr. laga FRÍ. Í framhaldi af því voru löggin tekin til skoðunar á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 31. maí 2012.

Í bréfi frá ÍSÍ, 11. júní 2012, segir svo frá fundinum:

„Engar athugasemdir voru gerðar við þær breytingar sem gerðar voru á 6. og 7. grein laga sambandsins en við heildaryfirlestur á lögum FRÍ eru eftirfarandi athugasemdir gerðar við 5. grein laganna:

Heppilegra er að notuð séu orðin „virkra iðkenda“ eða „virkra frjálsíþróttaiðkenda“ í stað virkra frjálsíþróttamanna“.

Skýra þarf betur út í greininni hvort fulltrúafjöldi til þings er reiknaður út frá félögum eða héraði. Ef fulltrúafjöldinn er reiknaður út frá félögum þá þarf, sbr. breytingu sem gerð var á lögum ÍSÍ á síðasta íþróttapingi, að senda þeim íþróttahéruðum sem hafa frjálsíþróttir innan sinna vébanda, sérstakt kjörbréf fyrir a.m.k. einn fulltrúa. Ef fulltrúafjöldinn er reiknaður pr. hérað, þá þarf að liggja skýrt fyrir að íþróttahéraðið getur tekið sér einn fulltrúa af þeim sem til héraðsins reiknast.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ staðfesti lög FRÍ með ofangreindri ábendingu til skoðunar fyrir næsta þing sambandsins.“

Hér eru því lagðar til breytingar á lögum FRÍ til að koma til móts við þessar ábendingar framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Flutningsaðili: Laganefnd FRÍ.

Þingskjal nr. 6  
Vísað til: \_\_\_\_\_

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á 30. REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS, UTANHÚSS

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 6. og 7. september 2014, samþykkir eftirfarandi breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss:

Lagt er til að við 1. gr. bætist nýr liður.

1.6. Hverjum keppanda er aðeins heimilt að keppa fyrir eitt félag eða samband á hverjum hluta meistaramótisins í senn. Heimilt er þó að hafa boðhlaupssveit samsetta með keppendum úr fleiri en einu félagi / sambandi. Slíkar sveitir skulu keppa sem gestir og án réttar til verðlauna eða stiga.

#### **Greinargerð:**

Stjórn FRÍ gaf þessa breytingu út 10. ágúst 2012.

Aðdragandi þess var að forsvarsmáður félags sendi fyrirspurn til stjórnar FRÍ hvort heimilt væri,

á MÍ 15-22 ára, að mynda boðhlaupssveit með hlaupurum úr tveimur félögum í nafni héraðssambands þeirra, þó þeir kepptu að öðru leyti fyrir sín félög á mótinu

Álits laganefndar var leitað og í því stóð m.a.:

„Nefndin gerir ekki athugasemdir við þetta. Það verður þó að vera alveg ljóst að boðhlaupssveitin sé rétt skráð í mótaforriti, sem héraðssamband, en ekki félag, og stigin komi því fram hjá héraðssambandinu í stigakeppninni.

Það sem mælir með er að fá meiri keppni í flokki þar sem keppendur eru fáir

Það sem mælir á móti er, að þá eru sömu einstaklingarnir að keppa undir tveimur merkjum á sama mótinu, en við sjáum ekki að nein ákvæði banni þetta beinlínis.

Það verður líka að hafa í huga, að þessir keppendur hafa vissulega keppnisrétt með hvoru tveggja, félögunum og héraðssambandinu“.

Þessi tillaga er flutt til staðfestingar á ákvörðun stjórnar frá 10. ágúst 2012, sem staðfest var á stjórnarfundum 21. ágúst 2012.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014

Þingskjal nr. 7

Flutningsaðili: Laganefnd FRÍ.

Vísað til: \_\_\_\_\_

## TILLAGA AÐ NÝRRI DÓMARAREGLUGERÐ

### 12. Dómarareglugerð.

#### 1. gr.

Tækninefnd FRÍ hefur umsjón með menntun, endurmenntun og þjálfun frjálsíþróttadómara í umboði stjórnar FRÍ. Nefndin skilgeinir þau hæfniviðmið sem uppfylla þarf.

Fullgildir frjálsíþróttadómarar, skv. c, d, og e-liðum 2. gr., geta þeir einir verið sem löggiltir eru af stjórn, að tillögu tækninefndar.

#### 2. gr.

Flokkar frjálsíþróttadómara eru fimm.

a) 1. stig - Aðstoðardómarar:

Eru til aðstoðar öðrum dómurum og mótstjórn á mótum.

Þeir eru þjálfaðir til starfa í ákveðnum greinaflokkum og sjá mótshaldarar um kennslu og þjálfun.

b) 2. stig - Greinadómarar:

Geta verið greinastjórar á öllum innlendum mótum. Greinaflokkar eru hlaup, stökk og köst.

Félög/sambönd hafa umsjón með kennslu og þjálfun.

c) 3. stig - Héraðsdómarar:

Geta verið yfirdómarar og mótstjórar á öllum innlendum mótum, öðrum en meistaramótum og bikarkeppnum fullorðinna.

Þurfa að hafa lokið námskeiðum í öllum þremur greinaflokkunum og staðist skriflegt héraðsdómarapróf.

FRÍ sér um námskeið til réttinda þeirra.

d) 4. stig - Landsdómarar:

Geta verið yfirdómarar og mótstjórar á meistaramótum og bikarkeppnum fullorðinna, og greinastjórar á alþjóðlegum mótum.

FRÍ sér um námskeið til réttinda þeirra, skv. viðmiðum IAAF.

e) Sérðómarar:

Í þessum hópi dómara eru m.a. markdómarar, sem hafa umsjón með rafrænni tímamælingu, ræsar, nafnakall (Call-Room), sérhæfðir mælingamenn og dómarar í göngu, víðavangs- og fjallahlaupum.

Fá réttindi sín með námskeiðum sem FRÍ skipuleggur innanlands, eða erlendis á vegum IAAF/EAA.

#### 3. gr.

Tækninefnd FRÍ heldur skrá yfir héraðs-, lands- og sérðómara og gerir tillögur til stjórnar FRÍ um reglur og endurnýjun réttinda þeirra. Félög/sambönd halda skrá um héraðsdómara og virkni þeirra og skulu í lok hvers árs senda FRÍ skýrslu um þá. FRÍ skal árlega birta opinberlega skrá yfir dómara og réttindi þeirra.

Tækninefnd FRÍ getur svipt dómara réttindum eða lækkað þá í flokki, séu gildar ástæður fyrir hendi.

#### 4. gr.

Að öðru leyti vísast til laga- og leikreglna FRÍ.



5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða, til 1. janúar 2016.

Þeir sem hafa gild dómaraéttindi með prófi, við gildistöku reglugerðarinnar, skulu flokkast sem héraðsdómarar. Þeim er þó heimilt að starfa sem landsdómarar til 1. janúar 2016. Nauðsynlegt er að Tækninefnd FRÍ haldi sem allra fyrst landsdómara námskeið, svo þeir geti aflað sér réttinda.

Þeir sem hafa lokið dómara námskeiði án prófs skulu flokkast sem greinadómarar.

Þeir sérdómarar sem eru starfandi við gildistöku reglugerðarinnar skulu halda réttindum sínum.

Til að halda réttindum sínum, skv. þessu ákvæði, þurfa dómarar að sækja um það til Tækninefndar FRÍ.

Greinargerð

Á Frjálsíþróttabingi 2010 var samþykkt ályktun, þar sem kveðið var á um, að vinna skyldi tillögur að nýju fræðslukerfi fyrir frjálsíþróttadómara á Íslandi. Stjórn FRÍ skipaði síðan nefnd sem skilaði skýrslu um málið í sept. 2010.

Tækninefnd FRÍ hefur unnið að undirbúningi innleiðingar nýja kerfisins í samráði við laganerfnd.

Ljóst var að þörf væri á nýrri reglugerð um dómaramálin og er hún hér lögð fram.

Tafla úr skýrslu nefndar um nýtt fræðslukerfi dómara frá 2010, sem sýnir flokkun dómara og fræðslu þeirra:

Stig	Umsjón fræðslu	Kostnaður greiddur af	Frumkvæði	Æskilegur fjöldi þátttakenda	Upprifjun	Próf í lok námskeiðs	Áætluð tímalengd námskeiðs
1	Félag	Félagi	Félags	20+	eftir þörfum	nei	30 mín.
2	Félag	Félagi	Félags	20+	eftir þörfum	?	2-3 klst.
3	FRÍ	Félagi	Félags	10-20	2 ár	Já	8-10 klst.
4	FRÍ	FRÍ	FRÍ	5-15	2 ár	Já	14-16 klst.
Sérdómara- stig	FRÍ/IAAF	FRÍ	FRÍ	-	Ákveðið af IAAF	Ákveðið af IAAF	Ákveðið af IAAF

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Flutningsaðili: Laganefnd FRÍ.

Þingskjal nr. 8  
Vísað til: \_\_\_\_\_

(þingskj. dregið til baka)

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á  
22. REGLUGERÐ UM FRAMKVÆMD MÓTA Á VEGUM FRÍ

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 6. og 7. september 2014, samþykkir breytingu á Reglugerð um framkvæmd móta á vegum FRÍ.

Lögð er til viðbót við 4. gr. (Viðbót skáletruð):

4. gr.  
Vallar- og keppnis skilyrði.

**4.1.** Meistaramót og Bikarkeppnir FRÍ, í öllum aldursflokkum, skulu fara fram á keppnisvöllum lögðum gerviefni. Meistaramót Íslands aðalhluti og Bikarkeppni FRÍ skulu fara fram á keppnisvöllum sem hafa að lágmarki sex hringbrautir.

**4.2.** *Ákvörðun um frestun móts vegna veðurs- eða vallarskilyrða skal tekin á tæknifundi mótsins.*

Greinargerð:

Þessi breyting er gerð til samræmis við leiðbeiningar frá IAAF.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Þingskjal nr. 9.1

Flutningsaðili: Laganefnd FRÍ.

Vísað til: \_\_\_\_\_

## TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

### 25. SÉRKEPPNISREGLUM FRÍ

Laganefnd leggur til að tillagan verði samþykkt með áorðinni breytingu.

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 6. og 7. september, samþykkir eftirfarandi viðbót við lið 25.3. í Sérkeppnisreglum FRÍ. (Innskot skáletrað):

#### 25.3 Langstökk og þrístökk 13 ára og yngri.

Keppendur 11 ára og yngri skulu stökkva af metrasvæði í stað stökkplanka. Keppendur 12-13 ára skulu stökkva af 50 cm svæði. Met sett við þessar aðstæður gilda ekki upp í eldri aldursflokka.

***Svæðið skal afmarkað með tveimur hvítum línunum, sem teljast innan svæðis. Sé stigið fram yfir fremri brún svæðis telst stökkið ógilt, sé stökkið upp innan svæðis skal mælt frá tá, en sé stökkið upp aftan svæðis, skal mælt frá aftari brún stökksvæðis.***

***Þar sem aðstæður leyfa, vegna fjarlægðar plankna frá gryfju, er æskilegt að að plankinn afmarki fremri brún stökksvæðis.***

#### Greinargerð:

Kvartað hefur verið yfir því, að ekki séu gefin ákveðin fyrirmæli um hvernig skuli mæla svæði og stökk. Hér er leyst úr því.

Varðandi staðsetningu plankans í miðju svæði hefur verið bent á, að ávinningurinn af því sé sá, að börnin geti farið að aðlaga sig að stökkum af plankna, meðan þau enn stökkva af svæði.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Þingskjal nr. 10.1

Flutningsaðili: Laganefnd FRÍ.

Vísað til: \_\_\_\_\_

#### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

#### 30. REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS, UTANHÚSS

Laganefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 6. og 7. september 2014, samþykkir eftirfarandi breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, utanhúss:

Löngu boðhlaupin 3x800m og 3x1500m boðhlaup kvenna, og 4x800m boðhlaup og 4x1500m boðhlaup karla verði felld út úr töflu í gr. 5.1..

#### Greinargerð:

Mjög lítil þátttaka hefur verið í þessum greinum á undanförunum árum og keppni stundum fallið niður vegna þess að engin sveit var skráð.

Tillagan er flutt að ósk Mótanefndar FRÍ.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Þingskjal nr. 11.1

Flutningsaðili: Laganefnd FRÍ.

Vísað til: \_\_\_\_\_

#### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

#### 31. REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS, INNANHÚSS

Laganefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 6. og 7. september 2014, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss.

Breyting á gr. 2.4. Meistaramót Íslands 11-14 ára, innanhúss. (Yfirstrikaður texti falli út):

2.4.2.7. Í boðhlaupum mega einstaklingar keppa í eldri flokkum, ef þeir keppa ekki í boðhlaupum í sínum flokki. ~~Einnig mega einstaklingar í flokkum pílta og stúlkna 11 og 12 ára keppa í 60m grindahlaupi í flokkum pílta og stúlkna 13 ára.~~

Greinargerð:

Breytingin er gerð til samræmingar við reglur á Meistaramóti Íslands 11-14 ára utanhúss.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Flutningsaðili: Laganefnd FRÍ.

Þingskjal nr. 12  
Vísað til: \_\_\_\_\_

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á  
32.2. BIKARKEPPNI FRÍ INNANHÚSS

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 6. og 7. september 2014, samþykkir eftirfarandi breytingu á Reglugerð um Bikarkeppni FRÍ, innanhúss. (Innskot skáletrað):

2.gr. Þátttökurétt eiga öll félög er aðild eiga að ÍSÍ. Heimilt er að senda sameiginleg lið tveggja félaga/sambanda eða fleiri til keppni, einnig er félögum eða samböndum heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppninnar í hvorum flokki. **Aukalið skulu vera stigalaus.**

Greinargerð:

Breytingartillagan er lögð fram til að fá fram afstöðu til samræmingar í átt að reglum í Bikarkeppni FRÍ utanhúss, en þar eru aukalið stigalaus, ef þau keppa í sömu deild og aðallið.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. september 2014.

Þingskjal nr. 13

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild ÍR.

Vísað til: \_\_\_\_\_

(Vísað til millipinganevndar)

Tillaga um reglugerðarbreytingu vegna  
Meistaramóts Íslands í yngstu aldursflokkunum innanhúss

Frjálsíþróttabing, haldið 6. og 7. september 2014 á Akureyri samþykkir að breyta aldursflokka-  
skiptingunni á Meistaramóti Íslands í yngstu aldursflokkunum innanhúss í 12 - 15 ára í stað 11-14 ára.

#### Greinargerð

Helstu rökin eru að þau að 11 ára börn eru heldur ung til að keppa til verðlauna enda mælir Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands ekki með keppni til verðlauna fyrir 11 ára og yngri. Á sínum tíma var 11 ára keppendum bætt við vegna fámennis á mótinu en það á ekki við lengur samanber eftirfarandi tölulegar upplýsingar úr mótaforriti FRÍ. 2007 251 keppandi, 2008 283 keppandi, 2009 377 keppendur; 2010 377 keppendur, 2012 380 keppendur, 2013 er ekki aðgengilegt í mótaforritinu, og 2014 392 keppendur. Viðbótar rök eru þau að 15 ára ungmenni eiga jafnvel meira heima með yngri iðkendum en þeim eldri. Hétí mót eldri ungmanna þá Meistaramót Íslands 16 - 22 ára.

Frjálsíþróttadeild ÍR

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. september 2014.

Þingskjal nr. 14

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild ÍR.

Vísað til: \_\_\_\_\_

Tillaga um reglugerðarbreytingu vegna  
Meistaramóts Íslands í yngstu aldursflokkunum innan- **og utanhúss**

Frjálsíþróttabing, haldið 6. og 7. september 2014 á Akureyri samþykkir að á Meistaramóti Íslands í yngstu aldursflokkunum, innan- **og utanhúss** sé keppt í 600m í staðinn fyrir 800m í flokki 12 ára.

Greinargerð

600m eru hæfilegri vegalengd fyrir 12 ára börn heldur en 800m og í raun þá gerir reglugerðin ráð fyrir 600m fyrir þennan aldursflokk en ekki 800m.

Frjálsíþróttadeild ÍR



59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. september 2014.

Þingskjal nr. 15

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild ÍR.

Vísað til: \_\_\_\_\_

(Tillaga ekki samþykkt)

Tillaga um reglugerðarbreytingu vegna  
Meistaramóts Íslands í yngstu aldursflokkunum innanhúss

Frjálsíþróttabing, haldið 6. og 7. september 2014 á Akureyri samþykkir að á Meistaramóti Íslands í yngstu aldursflokkunum hafi mótshaldarar svigrúm til að raða tímaseðlinum niður á þann hátt að öll keppni í 12 ára aldursflokknum fari fram á einum degi.

Greinargerð

Þessi aldursflokkur á að geta keppt í öllum sínum keppnisgreinum á einum degi og er fordæmi fyrir því á Stórmóti ÍR. Óþarfi er að halda þeim í keppni í tvo heila daga.

Frjálsíþróttadeild ÍR

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. september 2014.

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild ÍR.

Þingskjal nr. 16  
Vísað til: \_\_\_\_\_

Tillaga um reglugerðarbreytingu vegna  
Meistaramóts Íslands í yngstu aldursflokkunum innanhúss

Frjálsíþróttabing, haldið 6. og 7. september 2014 á Akureyri samþykkir að fyrir Meistaramóti Íslands í yngstu aldursflokkunum verði settar leiðbeinandi reglur um % - legan halla á innanhússbrautum.

Greinargerð

70% halli virðist vera hámarks halli fyrir aldurshópin 12-15 ára, en sé hallinn meiri eiga börnin í erfiðleikum með að hlaupa á sinni braut sér í lagi þau sem hlaupa á 4. braut. Stöðlun á hallanum og halli sem hentar þeim betur myndi hjálpa þeim að halda keppnisreglur sem kveða á um að keppandi hlaupi á sinni braut og stigi ekki á línuna sem aðskilur brautirnar. Það að vera of nálægt línunni milli brautanna getur leitt til truflunar fyrir þann keppanda sem hleypur á vinsti hönd.

Frjálsíþróttadeild ÍR

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild ÍR.

Vísad til: \_\_\_\_\_

Tillaga um reglugerðarbreytingu vegna  
Meistaramóts Íslands í yngstu aldursflokkunum **utanhúss**

Frjálsíþróttabing, haldið 6. og 7. september 2014 á Akureyri samþykkir að á Meistaramóti Íslands í yngstu aldursflokkunum þurfi að vera leiðbeinandi reglur um það hvernig skipta má upp stökk- og kasthópum þegar fjöldi keppenda er mikill **og aðstæður leyfa**.

Tillögur að slíkri skiptingu eru að ef fjöldinn í stökk- og kastgreinum fer yfir 28 að þá skuli hópnum skipt upp í tvo keppnishópa sem keppa báðir á sama tíma nema í sitt hvoru lagi. Þannig er biðin á milli stökka og kasta styttri.

Í hástökki skal raðað í stökkhópa eftir árangri.

Í kúluvarpi séu átta bestu sameinaðir í einn hóp og kasti 3 köst í úrslitum. Hefja skal úrslitakeppnina tafarlaust og keppni er lokið í báðum hópum.

**Ef mögulegt er að stökkva í sömu átt í tvær stökkgryfjur á sama tíma má skipta hópnum sem keppir í langstökki og þristökki** í tvennt og þegar 3 stökk eru eftir séu 8 bestu sameinaði í eina gryfju. Þeir sem koma úr hinni gryfjunni fá 2 prufustökk áður en keppninni er haldið áfram. Hefja skal úrslitakeppnina tafarlaust og keppni er lokið í báðum hópum.

#### Greinargerð

Á fjölmönnum mótum verður biðin milli stökka og kasta mjög löng og er það erfitt fyrir hina ungu keppendur sem kólna niður á milli tilrauna auk þess sem það dregur úr athygli þeirra. Mikil seinkun á greinum riðlar mjög tímaseðlinum mótsins sem leiðir til seinkunar á öðrum greinum með tilheyrandi óþægindum fyrir keppendur og mótshaldara.

Með þessu ætti framkvæmd mótsins að verða markvissara og stuðla má að því að móti verði ekki of langt sem getur skipt máli, sér í lagi á seinni degi, þegar sumir keppendur og aðstandendur vill halda heim á skikkanlegum tíma.

Frjálsíþróttadeild ÍR

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. september 2014.

Þingskjal nr. 18

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild ÍR.

Vísað til: \_\_\_\_\_

#### Tillaga um reglugerðarbreytingu vegna Bikarkeppni FRÍ innanhúss

Frjálsíþróttabing, haldið 6. og 7. september 2014 á Akureyri samþykkir að í bikarkeppni FRÍ innanhúss verði keppt í 4 x 200m boðhlaupi í staðinn fyrir 4 x 400m boðhlaupi.

#### Greinargerð

Það að hafa 4 x 200m boðhlaup í stað 4 x 400 gæti líklega aukið þátttöku fleiri félaga/liða í boðhlaupunum þar sem líklegra er að fleiri lið eigi nægjanlegan fjölda keppenda sem geta hlaupið 200m heldur en 400m.

Frjálsíþróttadeild ÍR

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Þingskjal nr. 19

Flutningsaðili: Öldungaráð FRÍ.

Vísað til: \_\_\_\_\_

Tillaga til þingsályktunar  
um val á götuhlaupara ársins í öldungaflokkum

Frjálsíþróttabing, haldið 6. og 7. september 2014 á Akureyri samþykkir að Almenningshlaupanefnd FRÍ útnefni götuhlaupara ársins í öldungaflokkum karla og kvenna.

Greinargerð

Öldungaráð FRÍ hefur staðið að útnefningu á öldungi ársins í karla- og kvennaflokki til fjölda ára en valið hefur verið úr hópi öldunga sem keppa innan vallar en ekki í götu- eða utanvegahlaupum. Lagt er til að Almenningshlaupanefnd FRÍ sjái um að útnefna hlaupar úr röðum eldri iðkenda.

Öldungaráð.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild FH

Þingskjal nr. 20.1  
Vísað til: \_\_\_\_\_

(3000 m karla og kvenna fellt út skv. þinggerð)

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á **REGLUGERÐ UM**  
Bikarkeppni FRÍ innanhúss

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 6. og 7. september 2014, samþykkir breytingu á Reglugerð um Bikarkeppni FRÍ innanhúss.

Lagt er til að 4. gr. breytist. (Breytingar eru skyggðar):

4. grein.

Keppnin skal fara fram á **veimur dögum**.

**Keppnisgreinar eru: 60 m hl., 60 m gr.hl., 400 m hl., 800 m hl., 3000m hl., 4x200 m boðhlaup, kúluvarp, lóðkast, langstökk, hástökk, þrístökk og stangarstökk.**

**Á fyrri degi er keppt í:**

**Karlar: 60m hl., 400m, langstökk, stangarstökk, kúluvarp, 3000m.**

**Konur: 60m hl., 400m, langstökk, hástökk, kúluvarp, 3000m.**

**Á seinni degi er keppt í:**

**Karlar: 60m gr.hl., 800m, hástökk, þrístökk, lóðkast, 4x200 m boðhlaup.**

**Konur: 60m gr.hl., 800m, þrístökk, stangarstökk, 4x200 m boðhlaup.**

**Hver keppandi má að hámarki taka þátt í 3 greinum á hvorum degi að meðtöldu boðhlaupi.**

x. grein

**Skráningargjöld á mótið**

Greinargerð:

Með þessari breytingu er verið að gera mótinu hærra undir höfði en verið hefur og skapa verkefni fyrir íslenskt frjálsíþróttafólk á tímabili sem hentar vel til keppni hérlendis. Mótið er gjarnan síðast mót til að ná lágmarkum fyrir val á Evrópu- eða heimsmeistaramót og því skapar þessi efling mótsins aukið tækifæri til að ná lágmarki. Þau ár sem Smáþjóðaleikar fara fram er sérstaklega mikilvægt að efla innanhússtímabilið með auknu mótahaldi og skapa fleiri tækifæri fyrir íþróttamenn að keppa, sýna árangur og fyrir ÍÞA að sjá íþróttamenn í keppni.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Þingskjal nr. 21

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild FH

Vísað til: \_\_\_\_\_

(Tillaga ekki samþykkt)

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á  
Bikarkeppni FRÍ utanhúss

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 21. og 22. mars 2014, samþykkir breytingu á Reglugerð um Bikarkeppni FRÍ utanhúss.

Lagt er til að 9. gr. breytist. (Breyting skáletruð):

9. gr

**Heimilt er að senda sameiginlegt lið tveggja félaga eða sambanda til keppni**, enda hefji sameiginlegt lið ávallt keppni í neðstu deild.

Greinargerð:

Þessi breyting gerir ráð fyrir takmörkun á fjölda sameiginlegra félaga/sambanda. Eins og núverandi reglugerð er þá má senda inn lið með eins mikilli sameiningu og lið óska, ef FRÍ telur það íþróttinni til hagsbóta.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Þingskjal nr. 22.2

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild FH

Vísað til: \_\_\_\_\_

Laganefnd leggur til að tillagan verði samþykkt með áorðnum breytingum.

**TILLAGA AÐ NÝJU MÓTI**  
Bikarkeppni fyrir 15 ára og yngri, innanhúss

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 21. og 22. mars 2014, samþykkir nýja Reglugerð um Bikarkeppni fyrir 15 ára og yngri, innanhúss

**Bikarkeppni fyrir 15 ára og yngri, innanhúss**

1. gr.

Keppnin heitir „Bikarkeppni FRÍ fyrir 15 ára og yngri“ og skal hún haldin árlega.

2. gr.

Þátttökurétt eiga öll félög er aðild eiga að ÍSÍ.

Heimilt er að senda sameiginlegt lið tveggja félaga eða sambanda til keppni, einnig er félögum eða samböndum heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppinnar í hvorum flokki..

Einn keppandi skal vera frá hverjum aðila í hverri keppnisgrein. Óheimilt er að flytja keppendur milli liða sama aðila

Hvert lið skal senda keppendur í að minnsta kosti 5 greinar í hvorum flokki. Gestþátttaka er óheimil.

3. gr.

Keppnin skal fara fram á einum degi.

Keppnisgreinar eru (bæði kyn): 60 m hl., 60 m gr., 400 m hl., 1500 m hl., 4x200 m boðhlaup, kúluvarp, hástökk og langstökk.

4. gr.

Þegar ljóst er hve mörg félög senda þátttakendur, skal ákvarða stigatölu þannig að fyrsti maður fái jafnmörg stig og þáttökufélögin eru mörg, annar maður einu stigi færri o. s. frv..

5. gr.

Það félag sem flest stig fær hlýtur sæmdarheitið „Bikarmeistari í frjálsíþróttum fyrir 15 ára og yngri“. Það félag sem flest stig fær í stúlknaflokki hlýtur sæmdarheitið: „Bikarmeistari stúlkna í frjálsíþróttum“. Það félag sem flest stig fær í piltaflokki hlýtur sæmdarheitið: „Bikarmeistari pilta í frjálsíþróttum“.

6. gr.

Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í grein skulu stig skiptast jafnt á milli þeirra. Ef félögin verða jöfn í stigakeppninni sigrar það félag, sem fleiri hlýtur sigurvegara. Ef þá er enn jafnt skal árangur þeirra reiknaður út eftir gildandi alþjóða stigatöflu og sigrar það félag þá sem hlýtur hærri stigatölu.

7. gr.

Hver þátttakandi á rétt á að keppa í tveimur greinum auk boðhlaups.

8. gr.



Nánari reglur um mótið skulu settar af stjórn FRÍ hverju sinni.

Greinargerð:

Nauðsynlegt mót fyrir yngri keppendur.

dröög

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Þingskjal nr. 23

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild FH

Vísað til: \_\_\_\_\_

(Tillaga ekki samþykkt)

#### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á

#### 32.3 Bikarkeppni fyrir 15 ára og yngri, *utanhúss*

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 21. og 22. mars 2014, samþykkir breytingu á Reglugerð um Bikarkeppni fyrir 15 ára og yngri, utanhúss

Lagt er til að 2. gr. breytist. (Viðbót skáletruð):

#### **32.3 Bikarkeppni fyrir 15 ára og yngri**

2. gr.

Þátttökurétt eiga öll félög er aðild eiga að ÍSÍ.

Heimilt er að senda sameiginleg lið tveggja félaga eða sambanda til keppni, einnig er félögum eða samböndum heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppinnar í hvorum flokki, ***aukalið félaga skal vera stigalaust.***

Einn keppandi skal vera frá hverjum aðila í hverri keppnisgrein. Óheimilt er að flytja keppendur milli liða sama aðila.

Hvert lið skal senda keppendur í að minnsta kosti 5 greinar í hvorum flokki. Gestþátttaka er óheimil.

Greinargerð:

Breytingin er gerð til samræmingar við reglur fyrir Bikarkeppni FRÍ utanhúss.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Þingskjal nr. 24

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild FH

Vísað til: \_\_\_\_\_

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á  
31. REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS, INNANHÚSS

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 21. og 22. mars 2014, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss.

Breyting á gr. 2.4.2.7 Meistaramót Íslands 11-14 ára, innanhúss. (breyting á skiptisvæði í 4x200 m boðhlaupi, feitletrað og skáletrað):

2.4.2.7. Í boðhlaupum mega einstaklingar keppa í eldri flokkum, ef þeir keppa ekki í boðhlaupum í sínum flokki. ***Mælst er til þess að keppandi á fyrsta spretti, hlaupi aðeins á aðskildum brautum í fyrstu beygju.***

Greinargerð:

Á síðustu árum hafa verið mikil um ógildar skiptingar, sérstaklega í fyrstu skiptingu og yngri keppendur hafa átt erfitt með að halda sig á sínum brautum vegna halla á keppnisbraut. Alls voru 12 sveitir dæmdar úr leik á síðasta Meistaramóti.

59. Frjálsíþróttabing  
Akureyri 6. og 7. sept. 2014.

Þingskjal nr. 25

Flutningsaðili: Frjálsíþróttadeild FH

Vísað til: \_\_\_\_\_

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á  
31. REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS, INNANHÚSS

59. Frjálsíþróttabing, haldið á Akureyri 21. og 22. mars 2014, samþykkir breytingu á Reglugerð um Meistaramót Íslands, innanhúss.

Breyting á gr. 2.4.2.6 Meistaramót Íslands 11-14 ára, innanhúss. (breyting á keppnisgrein, feitletrað og skáletrað):

2.4.2.6. Keppnisgreinar:

Pilta- og stúlknaflökkur 11 ára:

60 m hlaup, **600 m hlaup**, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Pilta- og stúlknaflökkur 12 ára:

60 m hlaup, **600 m hlaup**, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Pilta- og stúlknaflökkur 13 ára:

60 m hlaup, 60 m grindahlaup, 800 m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp og 4x200 m boðhlaup.

Pilta- og stúlknaflökkur 14 ára:

